



# Ársskýrsla SOS Barnaporpanna 2017



SOS  
BARNAPORPIN

Öll börn vilja gott heimili



© SOS Barnaþorpin  
Hamraborg 1, 200 Kópavogi  
Sími: 564-2910  
Netfang: [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is)

Umsjón og ritstjórn: Hans Steinar Bjarnason og Þorsteinn Arnórsson  
Ljósmyndir: SOS Children's Villages og Póra Tómasdóttir  
Umbrot og hönnun: [iSpeculate.net](http://iSpeculate.net) - Halldór Elías Guðmundsson



## Inngangur

SOS Barnaþorpin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949. Síðan þá hefur starfsemin breiðst út og eru samtökin ein stærstu barnahjálparsamtök heims.

Samtökin reisa húsaþyrpingar (barnaþorp) þar sem börnin eignast heimili með SOS-foreldrum og systkinum. Börnunum eru búnaðar eins heimilislegar og fjölskylduvænar aðstæður og nokkur kostur er. Börnin fá öllum grunnþörfum sínum mætt og njóta menntunar sem undirbýr þau fyrir sjálfstætt líf á fullorðinsárum. Samtökin sinna barnahjálpi í 126 löndum og eru barnaþorpin 572 talsins í dag. Starfsemi SOS Barnaþorpanna er í 135 löndum.

Auk reksturs barnaþorpa um allan heim standa SOS Barnaþorpin fyrir umfangsmiklu forvarnarstarfi sem kallast Fjölskylduefning SOS. Skjólstæðingar Fjölskylduefningar eru illa staddar barnafjölskyldur og er þeim hjálpað að koma undir sig fótunum og mæta grunnþörfum barnanna. Markmiðið er að börnum líði vel og koma í veg fyrir aðskilnað þeirra og foreldra.

Þá reka samtökin fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla, ungmennaheimila, samfélagsmiðstöðva, heilsugæslustöðva auk þess að sinna neyðaraðstoð. SOS Barnaþorpin starfa óháð trúarbrögðum. SOS Barnaþorpin á Íslandi voru stofnuð árið 1989 og var Ulla Magnússon fyrsti framkvæmdastjóri samtakanna.

## Efnisyfirlit

Frá framkvæmdastjóra .....	4
Fjáröflun .....	5
Erfðagjafir .....	5
Styrktarforeldrar og Barnaþorpsvinir .....	6
Fjölskylduvinir .....	6
Neyðarverkefni .....	7
Endurbygging grunnskóla í Aleppó .....	7
Sólblómaleiksskólar .....	8
Magaly .....	8
Öðruvísi jóladagatal .....	9
Umsýsla og útgjöld samtakanna .....	9
Fjármál .....	10
SOS á Íslandi .....	11



**Ragnar Schram,**  
framkvæmdastjóri SOS  
Barnþorpanna á Íslandi.

## Frá framkvæmdastjóra

Hvað myndir þú gera ef þú gætir ekki séð fyrir barni þínu vegna fátæktar? Eða ef þú værir dauðvona með lítið barn á þínu framfæri?

Fólk í öllum löndum stendur frammi fyrir slíkum áskorunum. SOS Barnþorpin eru til fyrir þessa foreldra og þessi börn og á síðasta ári tókst okkur með hjálp styrktaraðila að hjálpa hundruð þúsundum barna sem höfðu misst foreldra sína eða áttu aðskilnað við þá á hættu.

Helst myndi ég vilja birta hér nöfn og myndir allra þeirra barna sem við gátum hjálpað á síðasta ári. Þá er ég ekki að tala um hjálp í formi skólatösku eða bóluþetningar, nei ég er að tala um langtíma umhyggju, ást, heimili og öryggi. Í stað allra nafnanna og myndanna látum við þó nægja helstu upplýsingar um starfsemi SOS Barnþorpanna í þeirri von að styrktaraðilar SOS fái góða mynd af því hvernig styrktarfé þeirra nýtist til hjálpar börnum í neyð.

Frekari upplýsingar um starfsemi okkar má svo finna á [sos.is](http://sos.is).

Óskir þú enn frekari upplýsinga er þér alltaf velkomið að hafa samband við okkur á skrifstofu samtakanna í síma 564 2910 eða í netfangið [sos@sos.is](mailto:sos@sos.is).

Með hjartans þökk fyrir stuðninginn við börnin

*Ragnar Schram*

*Framkvæmdastjóri SOS Barnþorpanna á Íslandi*




## Starf SOS Barnaporpanna



### Fjáröflun

Rekstur SOS Barnaporpanna er að langmestu leyti byggður á frjálsum framlögum. Almennitur leggur mest til starfsins eða 90% af heildarframlögum sem námu samtals 599 milljónum króna. 19,7% aukning var á framlögum á milli ára og munar þar um tvær erfðagjafir sem félaginu bárust, meðal annars íbúð sem seld var á árinu.



Skipting framlaga til SOS Barnaporpanna 2017.

Við höfum fundið fyrir aukinni velvild fyrirtækja í garð samtakanna til að styrkja verkefni sem hjálpa börnum í neyð erlendis. Framlög fyrirtækja jukust um 17,3% milli ára sem er góður árangur.

Stök framlög voru mörg og má í því samhengi nefna valkröfur, ýmsar fjáraflanir eins og jólakortasölu, minningarkort, gjafakort, útsendingar á fjölnotapokum og sumarákall vegna uppbyggingar á skóla í Aleppó. Við erum afar þakklát fyrir að geta styrkt verkefni samhliða framfærslu á styrktarbörnum.

### Erfðagjafir

Félaginu bárust erfðagjafir á árinu og þegar slíkar gjafir berast þá viljum við uppfylla væntingar þeirra sem treysta okkur fyrir slíkum gjöfum eftir þeirra dag. Þær erfðagjafir sem við fengum á árinu voru óeyrnamerktar og nema rúmlega 37 milljónum króna. Innan SOS Barnaporpanna var farið í að kanna möguleg verkefni fyrir upphæðina og til stendur að hún verði að fullu nýtt í Fjölskylduefningarverkefni.



## Styrktarforeldrar og barnaþorpssvinir

Í árslok 2017 voru íslenskir styrktarforeldrar alls 8,769. Þeir greiða mánaðarlega upphæð sem gefur umkomulausu barni fjölskyldu á ástríku heimili sem samtökin hafa byggt. Barnið fer í skóla og fær öllum grunnþörfum sínum mætt. Framlag styrktarforeldra fer í framfærslu og velferð barnsins. Styrktarforeldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma fyrirtæki á laggirnar. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum styrktarforeldrum á síðasta ári var rúmar 11,7 milljónir króna.

Börnin sem eiga styrktarforeldra búa í SOS Barnaþorpum. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flest mannleg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislegasta.

Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS foreldrið sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar og sér um að börnin búi við öryggi og ást. Enn sem komið er eru SOS mæður í meirihluta en SOS feðrum er sífellt að fjölga.

Einnig er hægt að vera Barnaþorpssvinur og er þá eitt ákveðið barnaþorp úti í heimi styrkt með mánaðarlegu framlagi. Barnaþorpssvinir voru alls 694 í lok ársins og fá þeir tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað. Framlag barnaþorpssvina fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa.

## Fjölskylduvinir

Árið 2017 voru heildarframlög íslenskra fjölskylduvina rúmlega 11,7 milljónir króna en þeir voru alls 955 talsins um áramót. Mikil fjölgun var á árinu eða rúm 48% og urðu margir Fjölskylduvinir í lok ársins. SOS Barnaþorpin líta svo á að fjölskyldan sé mikils virði og best sé fyrir börn að alast upp með kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra



Árið 2017 voru heildarframlög íslenskra Fjölskylduvina rúmlega 11,7 milljónir króna.

fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta börnin frá sér, tímabundið eða varanlega. Fjölskylduefling SOS er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð fjölskyldna. Markmið Fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína. Fjölskyldueflingin er sá þáttur í starfi SOS Barnaþorpanna sem hraðast vex.

Fjölskyldueflingunni er haldið uppi af Fjölskylduvinum SOS Barnaþorpanna sem styðja við verkefnið með mánaðarlegu framlagi að eigin vali. Undirbúningur hófst við verkefni sem SOS á Íslandi mun fjármagna til ársins 2022 í Tulu Moye í Eþíópíu. Þar er mikil fáttækt og er áætlað að 1500 börn verði þátttakendur í verkefninu. Það hófst formlega 1. febrúar 2018 og var styrkt af Utanríkisráðuneytinu um 20 milljónir króna en upphæðin er ekki tekjufærð fyrr en 2018. Heildarkostnaður við verkefnið er um 89 milljónir króna miðað við Evrugengi í lok árs 2017.

Annað fjölskyldueflingarverkefni sem SOS á Íslandi fjármagnar er í Callao í Perú. Samhliða því að aðstoða fjölskyldur úr fátækt snýst verkefnið líka um að fræða fjölskyldur en þó aðallega unga drengi og menn um að ofbeldi sé ekki samskiptaleið í sambúð og hjónabandi. Ofbeldi inni á heimilum í Perú er menningarlegt og samtökin halda námskeið til að hjálpa við að kenna samskipti án ofbeldis og ræða ólík hlutverk kynjanna og samskipti við börn. Hér er þekkingarleysi og arfleidd þess sem kynslóðir hafa lært af hvor annarri um að kenna og er unnið að bótum á.



## Í fyrsta sinn yfir 10.000

Það gerðist nú í fyrsta sinn að mánaðarlegir styrktaraðilar urðu fleiri en tíu þúsund og munar þar um hraða fjölgun Fjölskylduvina. Styrktarforeldrar og Barnaþorpsvinir voru samtals 9.463 og fjölgaði þeim um 779 milli ára eða 8,97%.

### Mánaðarleg framlög

Styrktarforeldrar .....	8769
Barnaþorpsvinir .....	694
Fjölskylduvinir .....	955
<b>Samtals .....</b>	<b>10418</b>

## Neyðarverkefni

SOS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök, en undanfarin ár hafa ítrekað orðið náttúruhamfarir nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Búast má við að umfang náttúruhamfara, hungursneyða og annarra hörmunga í heiminum muni aukast enn frekar á næstu árum.

Með áratuga reynslu á bakinu, hæft starfsfólk og öfluga stuðningsaðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Leggja þá samtökin mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa eða orðið viðskila við foreldra sína í hamförunum.


SOS Barnaþorpin nýta þá þekkingu og reynslu sem þau hafa í hverju landi þegar veita þarf neyðaraðstoð. Samvinna við yfirvöld og önnur hjálpsamtök eins og Rauða krossinn, Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) hefur einnig reynst vel og leitt til skilvirkari aðgerða. Neyðarverkefni og mannúðarverkefni eru meðal þátta sem við höfum haft tök á að styðja við vegna góðvildar almennings til SOS Barnaþorpanna. Alls styrktum við 9 verkefni á árinu svo sem barnaheimili í flóttamannabúðum í Grikklandi, uppbyggingu skóla í Aleppó og neyðaraðstoð í Mið-Afríkúlýðveldinu sem Utanríkisráðuneytið styrkti með okkur. Eins fékkst stuðningur frá SOS á Íslandi fyrir verkefni í Írak, Níger, Suður Súdan, Nígeríu og Ekvador.

## Endurbygging grunnskóla í Aleppó

SOS Barnaþorpin á Íslandi, með dyggum stuðningi styrktaraðila, fjármöggnuðu endurbyggingu á grunnskóla í borginni Aleppó í Sýrlandi. Kostnaður var tæpar 12 milljónir króna. Haustið 2018 munu yfir 500 börn hefja nám í skólanum sem verður öllum börnum opin, burt séð frá uppruna þeirra, trú eða afstöðu foreldra í stríðinu. Um er að ræða hverfi sem heitir Alsukkari en undanfarna mánuði hafa barnafjölskyldur flutt aftur í hverfið eftir langan tíma á flótta. Þrátt fyrir að stríðinu sé langt frá því að vera lokið er ástandið orðið stöðugra á



FYRIR



EFTIR

SOS Barnaþorpin á Íslandi tóku þátt í fjármögnun á endurbyggingu grunnskóla í Aleppó í Sýrlandi. Kostnaður var tæpar 12 milljónir króna.



sumum svæðum í landinu. Yfirvöld segjast vilja byggja samfélagið upp á ný og koma börnum aftur í skóla en talið er að 50% barna á aldrinum 5-18 ára í austurhluta Aleppó fari ekki í skóla vegna stríðsástandsins. Margir skólar hafa verið notaðir sem fangelsi eða skýli og sumir eru hreinlega orðnir að rústum.

## Sólblómaleikskólar

Um 30 leikskólar víðsvegar um landið eru SOS Sólblómaleikskólar sem felst í því að leikskólinn styrkir eitt ákveðið barn í SOS Barnaþorpi eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun einu sinni á ári. Þá fá Sólblómaleikskólar tilbúið efni frá SOS Barnaþorpinum, til að mynda veggspjöld þar sem mismunandi lönd eru kynnt og saga ákveðinna barna í barnaþorpum sögð, stuttmyndir, sólblómafræ til að sá og margt fleira. Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum öðlist þekkingu á aðstæðum barna í öðrum löndum og hvernig þær eru í samanburði við íslenskar aðstæður. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi.

SOS Barnaþorpin bjóða upp á kynningar í Sólblómaleikskólum (bæði fyrir börn og starfsfólk/foreldra) og geta



**SOS Barnaþorpin framleiða fræðsluefni fyrir Sólblómaleikskóla sem eru um 30 talsins á Íslandi. Börnin í leikskólunum fræðast um börn í öðrum löndum og þeirra aðstæður og safna framlögum fyrir SOS Barnaþorpin.**

einnig tekið þátt í hátíðum og söfnunum sem leikskólinn stendur fyrir. Algengt er að Sólblómaleikskólar haldi Sólblómagleði einu sinni á ári, hvort sem það er hluti af söfnun eða ekki.

## MAGALY

Magaly er 22 ára kona frá suðurhluta Perú. Hún var fimm ára þegar hún eignaðist nýtt heimili í SOS Barnaþorpi en flutti úr þorpinu fyrir nokkrum árum til að fara í háskóla.

Hún segir lífið í þorpinu hafa verið yndislegt. „Samband mitt við SOS móður mína hefur alltaf verið gott. Samskipti okkar eru frábær og í dag lít ég á hana sem góða vinkonu mína. Núna þegar ég er flutt að heiman tölum við samt oft saman og hittumst reglulega,“ segir Magaly. Hún segir SOS Barnaþorpin alltaf hafa stutt við bakið á sér. „Ef ekki væri fyrir SOS og mömmu, þá væri ég ekki á þessum stað í dag.“

„Þá er samband mitt við SOS systkini mín líka mjög gott. Við hittumst öll á afmælum og öðrum hátíðisdögum og þá er nú heldur betur fjör,“ segir hún.

Magaly er í kennaranámi og er nú að skrifa lokaritgerðina sína. „Mér finnst námið afar skemmtilegt og hlakka mikið til að fara að starfa sem kennari. Núna er ég í starfsnámi á ungbarnaleikskóla og líkar vel,“ segir hún.

Þá langar Magaly að fara í frekara nám í framtíðinni en hún hefur mikinn áhuga á sérkennslu. „Mig langar að vinna með börnum sem annað hvort eiga við námsörðugleika að stríða eða eiga erfitt heima fyrir. Ég held að ég geti hjálpað þeim börnum mikið,“ segir unga konan að lokum og brosir.







## Öðruvísi Jóladagatal

-Sælla er að gefa en þiggja

### Öðruvísi jóladagatal

Yfir þúsund grunnskólanemendur víðsvegar um landið tóku þátt í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna í desember. Verkefnið er að norskrir fyrirmynd og er þetta í annað skipti sem íslenskir grunnskólanemendur taka þátt.

Nemendurnir opnuðu nýjan glugga á dagatalinu á aðventunni og horfðu á myndbönd um börn í mismunandi heimshlutum sem öll áttu það sameiginlegt að fá aðstoð frá SOS Barnaþorpunum á einhvern hátt. Á sama tíma og nemendur fengu innsýn í aðstæður barna í öðrum löndum lærðu þeir að jólatíminn snýst ekki síður um að gefa en að þiggja.

Nemendur gátu unnið létt heimilisverk heima við og unnið sér þannig inn smá aur sem rann til SOS Barnaþorpanna.

### Umsýsla og útgjöld samtakanna

Í starfi eins og SOS Barnaþorpanna er rekstarkostnaður og getur hann oft gert það að verkum að framlag sem gefið var í góðri trú skili sér í minna hlutfalli en væntingar þess voru sem lagði til framlagið.

Þess vegna viljum við ítreka að okkar styrktarleiðir eru í skilgreindum hlutföllum sem eftirlit er með af stjórn. Til að mynda skilar sér aldrei minna en 80% af hverju framlagi til styrkþega og er sá hlutur yfirleitt mun hærri. Við viljum ekki færa kostnað á milli verkefna og allur launakostnaður er t.d færður undir laun en ekki verkefni eða fjáröflun þótt hluti af launakostnaði gæti verið vegna verkefnis sem við störfum að erlendis.

Öll verkefni innanlands s.s. Sólblómaleiksskólar og Öðruvísi Jóladagatal falla undir kynningarkostnað og færast því undir rekstrarkostnað skrifstofu. Verkefniskostnaður í bókhaldi SOS Barnaþorpanna er aðeins um þau framlög sem fara í verkefni erlendis.



## Fjármál

Við getum ekki annað en verið ánægð með þau viðbrögð sem við fáum hjá velunnurum samtakanna. Við höldum kostnaðinum hér heima í lágmarki og tryggjum þannig að sem mest af söfnunarfé fari sannarlega í verkefni en ekki t.d. í falinn kostnað verkefna. Umsýslukostnaður var aðeins 18% og því skila 82% sér beint til verkefnanna. Innkoma til samtakanna á árinu var 599,4 milljónir króna. Verkefnastyrkir frá ríkinu drógust saman á milli ára en þó var gerður samningur um fjármögnun á verkefni í Eþíópíu. Sem fyrr studdu einstaklingar og fyrirtæki myndarlega við bakið á okkur. SOS Barnaþorpin fá hvorki rekstarstyrk frá alþjóðasamtökum né íslenska ríkinu.



Með aðstoð gagnvirs korts Google er nú hægt að sjá hvernig framlög Styrktarforeldra og Barnaþorpsvina dreifast en þannig getum við skýrt enn betur hvert fjárframlög til samtakanna fara. Þannig er bæði hægt að sjá framlög vegna 2016 og 2017 í kortinu. Á þennan hátt viljum við auka gegnsæi fjármála hjá SOS Barnaþorpunum þar sem traust er okkur mikilvægt.

Á heimasíðunni [sos.is](http://sos.is) getur þú farið beint inná kortið og fundið þau 107 lönd sem við sendum framlög til og eins þau 437 barnaþorp sem fá framlög frá okkur.

## Fjármál SOS Barnaþorpanna árið 2017

### Lykiltölur úr starfsemi samtakanna

<b>Tekjur</b>	<b>Gjöld</b>	<b>Framlag styrktarforeldra, Barnaþorpsvina og Fjölskylduvina</b>	<b>Framlög til annarra verkefna</b>
<b>599,4 m. kr.</b>	<b>598,6 m. kr.</b>	<b>403 m. kr.</b>	<b>120,3 m. kr.</b>



Frá stofnun SOS Barnaþorpanna á Íslandi 1989 hafa framlög verið 6,7 milljarðar króna, uppreiknað miðað við verðlag 2017.



# SOS á Íslandi árið 2017

## Starfsfólk:

Ragnar Schram – framkvæmdastjóri  
Porsteinn Arnórsson - fjármála- og fjáröflunarstjóri  
Sunna Stefánsdóttir - upplýsingafulltrúi  
Katrín Guðlaugsdóttir – þjónustufulltrúi  
Auður Ösp Gylfadóttir - þjónustufulltrúi  
Porsteinn Garðarsson – verktaki, kerfisfræðingur frá Textor ehf  
Sigurlaug Halldórsdóttir - bókari

## Stjórnarmeðlimir:

Kristján P. Davíðsson - formaður  
Garðar Ingvarsson, hætti vegna aldurs og  
Ólafur Örn Ingólfsson kom inn sem varamaður.  
María F. Rúriksdóttir

## Varamenn:

Ólafur Örn Ingólfsson varð aðalmaður en hans sæti tók  
Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir  
Hildur Hörn Daðadóttir

## Fulltrúaráð:

Garðar Ingvarsson  
Fróði Steingrímsson  
Inga Lind Karlsdóttir  
Tomasz Pór Veruson  
Ingibjartur Jónsson  
Claudie Ashonie Wilson  
Jónína Lýðsdóttir  
Nichole Leigh Mosty  
Valur Hermannsson  
Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir  
Gunnar Dofri Viðarsson

## Velgjörðarsendiherrar SOS Barnaporpanna á Íslandi

Eliza Reid  
Vilborg Anna Gissurardóttir  
Hera Björk Þórhallsdóttir



Kristinn Gestsson og Jóhanna S. Vilhjálmsdóttir hafa verið styrktarforeldrar Shwetu síðan hún var 10 ára.

## Shweta er „eins og eitt af okkar börnum“

SOS barnaporpið Kavre er skammt frá Katmandú, höfuðborg Nepal. Þar búa um 140 börn með SOS fjölskyldum og fá tækifæri til að mennta sig og alast upp. Nokkur þeirra fá hjálp frá íslenskum styrktarforeldrum og meðal þeirra er hin 15 ára Shweta.

„Þetta er í rauninni eins og eitt af okkar börnum. Þó að við séum ekki með hana í fanginu eða hún alist ekki upp með okkur dags daglega.“ segir Kristinn Gestsson sem ásamt eiginkonu sinni, Jóhönnu S. Vilhjálmsdóttur, styrkir Shwetu.

„Þetta er sennilega þriðja stúlkan sem við styrkjum. Þessa stúlku erum við búin að vera að styrkja frá því hún var sennilega 10 ára. Þegar ég fór út í þetta á sínum tíma þá fannst mér þetta vera ágætis leið til þess að leggja eitthvað til í stórum svöngum heimi. Ég hef alltaf trúað því að menntun sé lykillinn að öllum framförum. Ekki síst fyrir fólk í svona stöðu þar sem fátækt og fáfræði er mikil.“ segir Kristinn.

Shweta segir að hún hafi það mjög gott í þorpinu. „Það er gott að alast upp í þessu þorpi. Ég á níu yngri bræður og systur og tíu eldri bræður og systur. Fólkið í þorpinu hjálpar mér á alla mögulega vegu sem þau geta. Við fáum góða menntun og lífum heilsusamlegu lífi. Við fáum gott uppeldi og eignumst góða vini og eigum góða fjölskyldu að.“ segir Shweta.